



Ég heiti Ragnheiður en er alltaf kölluð Ragna. Eftir stúdentspróf fór ég til Suður-Frakklands ásamt íslenskum manni mínum og ungabarni. Þar bjuggum við í 6 ár. Ég stundaði nám við listaskólann École des Beaux Arts í fjögur ár. Hugurinn hneigðist strax í þá daga til jóga og grænmetisfæðis og fór ég á ýmis námskeið. Leiðin lá síðan til Danmerkur þar sem fjölskyldan, sem nú var orðin fjögurra manna, bjó næstu 7 árin. Ég lagði stund á nám í arkitektúr í 4 ár. Í Kaupmannahöfn kynntist ég gegnum 3ja ára dóttur mína, leikskóla sem byggir á sömu hugmyndafræði og Sælukot, Ný-Húmanisma, og hreifst mjög af. Ég lærði ungbarnanudd í Kaupmannahöfn og var fyrsti leiðbeinandi í því hér á Íslandi eftir að heim kom. Ég kenndi foreldrum ungbarna þetta heillandi nudd í mörg ár. Ég lærði einnig hómópatíu við College of Practical Homeopathy og hefur hún nýst mörgum til góðs. Sælukot hefur verið stór partur af lífi mínu, ég hef unnið þar í mörg ár og ég hef líka verið foreldri þar. Fyrst og fremst hef ég unnið með yngstu börnunum en síðustu 3 ár hef ég verið með elsta hópinn Sólrir. Áhugasviðið er auðvitað skapandi starf en ekki síður málþroski og málörvun. Ég á sjálf 6 yndisleg uppkomin börn og 8 barnabörn. Ég hef lifað góðu lífi á grænmetisfæði í meira en þrjátíu ár og ég stunda hugleiðslu. Ég er alin upp í sveit og elska að vera úti í náttúrunni. Ég tala ágæta frönsku, dönsku og ensku og hef yndi af að teikna og mála. Var mjög dugleg að stunda fjallgöngur en hef minnkað það. Mér finnst afskaplega vænt um vinnuna mína og öll yndislegu börnin í skólanum.